



5. fundur stjórnar LH 2024-2026
27. nóvember 2024 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Reynir Atli Jónsson.

Forföll boðuðu: Sveinn Heiðar Jóhannesson og Jón Þorberg Steindórssón

Fjarverandi: Hilmar Guðmannsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Formaður fer yfir stöðuna frá síðasta fundi

Formaður hefur rætt við nokkra formenn hestamannafélaganna sem stóðu að taðtillögumni á Landsþingi um að skipa fulltrúa í taðnefndina.

Bréf til ráðamanna vegna fjárveitinga til reiðvegamála er tilbúið, en ákveðið að biðja með að senda það þar til eftir kosningar og nýir ráðherrar hafa verið skipaðir í innviðaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Afgreiðsla: Til upplýsingar

3. Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni á skrifstofu

- *Formannafundur ÍSÍ* var haldinn sl. föstudag. Íþróttahreyfingin er á miklum tímamótum í kjölfar þess að viðbótarstuðningur ríkisins til afreksmála var samþykktur í fjárlögum 2025. Í framhaldi þarf að tryggja langtímafjármögnun ríkisins á afreksmiðstöð og auknum framlögum til sérsambanda.

Viðbótaframlagið sem var samþykkt fyrir árið 2025 er kr. 637.000.000, og framlagið í heild er kr. 1.029.000.000 –.

Verkefni ÍSÍ er núna að ákveða hvernig á að verja þessum fjármunum, og verður í meginráttum stuðst við áherslur vinnuhóps Vésteins Hafsteinssonar sem skilaði skýrslu í apríl á þessu ári sjá hér: <https://isi.is/frettir/frett/2024/04/30/Afram-Island-Tillogur-ad-fyrirkomulagi-afreksstarfs/>

Ljóst er að afrekssamböndum verður fækkað en sagt er að öðrum samböndum verði tryggð fjármögnun á annan hátt – við þurfum að standa vörð um okkar hagsmuni þar. Úthlutun úr Afrekssjóði verður tekin fyrir á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ þann 5. des. og svo mun koma til viðbótarúthlutunar í febrúar.

Viðburðir og verkefni á vegum ÍSÍ sem við þyrftum að gefa gaum:

- 5. desember - Dagur sjálfbóðaliðans
- 4. janúar – Íþróttamaður ársins
- 16./17. maí – Íþróttapening – LH má senda 4 fulltrúa á íþróttapening
- 23. til 30. sept. – Íþróttavika Evrópu - #beactive – LH hefur ekki tekið þátt í en skoða þarf hvernig við getum komið hestatengdum viðburði á dagskrá.



- Allir með – Samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF – til að fjölga tækifærum fyrir fötluð börn innan íþróttahreyfingarinnar – á vegum verkefnisins er rekinn hvata-sjóður sem vert er að skoða <https://allirmed.com/hvatasjodur/>
 - *Undirbúningur menntadagsins* miðar ágætlega og miðasala fer vel af stað. Leitað verður til foreldra til að aðstoða við matsölu og í sjoppu.
 - *Skipunarbréf nefnda* – verið er að senda út skipunarbréfin og þeim sem ekki komust í nefndir þakkarbréf.
 - *Landsliðsnefnd* – fundar vikulega. Verið er að skipta verkefnum varðandi að leita styrkja hjá stórum fyrirtækjum, styrktarleiðir hafa verið uppfærðar, gull 1.000.000, silfur 750.000, brons 250.000, hæfileikamótun 500.000.
4. Staða verkefna
Farið yfir verkefnalista stjórnar;

Skipun í nefndir, framhald:

Uppskeruhátíðarnefnd:

*Birna Tryggvadóttir
Edda Rún Ragnarsdóttir
Unnur Rún Sigurpálsdóttir
Þórhildur Katrín Stefánsdóttir*

Reiðvega- og samgöngunefnd

Formaður – Jón Magnússon, Spretti.

Taðhópurinn:

Fulltrúar félaganna á höfuðborgarsvæðinu tilnefna í nefndina, tilnefning hefur borist frá Spretti:
Sigurður Gunnar Sigurðsson.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Endurskoðun reglugerða: Drög að endurskoðuðum reglugerðum liggja fyrir og verður lagt fyrir stjórn til umræðu á vinnuhelgi stjórnar í janúar.

5. FEIF-mál – Sjá fylgiskjal – minnisblað um FEIF-þing

Farið yfir laus stjórnar- og nefndasæti og mögulega frambjóðendur. Mikilvægt er að Ísland eigi öflugan fulltrúa í öllum nefndum og a.m.k. einn fulltrúa í stjórn FEIF. Skipa á nýja fastanefnd um SLO-málin og formaður hennar mun taka sæti í stjórn FEIF eins og aðrir formenn fastanefnda.

6. Önnur mál

- a. Fundarferð stjórnar um landið – samþykkt að skipuleggja á vinnuhelgi stjórnar.

Fundi slitið kl. 21.33